



PCC Bakki Silicon hf. - Húsavík
Bakki
640 Húsavík

Reykjavík, 4. desember 2020
UST202002-107/H.R.A.
08.07.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 3. nóvember sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávíka er fram komu í eftirliti stofnunarinnar hjá PCC Bakki Silicon hf, Húsavík þann 6. júlí sl.. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.6. í starfsleyfi.** Rekstraraðili hefur tilkynnt Umhverfisstofnun um að frá 1. júlí sl., þegar hertari losunarmörk tóku gildi, að hreinsibúnaður nær ekki tilgreindum markmiðum um 5 mg/Nm³. Meðaltal ársins 2019 var 13,68 mg/Nm³ og var svipuð virkni í júlímánuði. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila lauk framkvæmdum á rykhreinsivirki verksmiðjunnar í ágústmánuði síðastliðnum, en skipt var um þak og skorsteina á síuhúsi rykhreinsivirkisins. Í stað þriggja skorsteina var komið fyrir einum „langháf“, en hönnun hans er ætlað að tryggja betra loftflæði og kælingu á því gasi sem fer um rykhreinsivirkið á þessum stað. Rekstraraðili telur þó að ekki sé hægt að fullyrða nákvæmlega um áhrif nýja þaksins á dagleg meðalgildi í útblæstrinum, en ef framkvæmdin virkar sem skyldi ættu dagleg meðalgildi að endurspegla það. Rekstraraðili leggur til að fylgst verði grannt með þessum gildum og þau tekin fyrir í fyrsta eftirliti Umhverfisstofnunar eftir endurgangsetningu ofnanna.**
- 2. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Mæla skal í útblæstri frá hreinsivirki innan tveggja ára frá gangsetningu. Rekstraraðili hafði tilkynnt stofnuninni um fyrirhugaðar lagfæringar og breytingar á hreinsivirki sem áttu að hefjast í maí sl. Stofnunin samþykkti að mælingar mættu fara fram eftir lagfærinar en óskar eftir tímasettri áætlun hvenær mælingar fara fram eftir endurgangsetningu verksmiðjunnar. **Úrbótaáætlun rekstraraðila vísar til umrædds starfsleyfisskilyrðis þar sem fram kemur að fyrstu mælingar á útblæstri verksmiðjunnar skuli fara fram innan tveggja ára frá gangsetningu, en aðstæður í rykhreinsivirkinu á sínum tíma voru metnar svo, af mælingaraðila, að öruggara væri að biða með mælingar þangað til að framkvæmdir væru yfirstaðnar. Í upphafi var lagt til að mælingar þessar færu fram fyrir 1. desember 2020, en tímabundin rekstrarstöðvun hefur enn frekar sett strik í reikninginn hvað þær áætlanir varðar. Rekstraraðili leggur til að niðurstöðum útblástursmælinga verði skilað til Umhverfisstofnunar í síðasta lagi 6 mánuðum eftir**

endurgangsetningu verksmiðjunnar, en taka þarf með í reikninginn tíma fyrir ofna að komast í eðlilegan rekstur, mælingaraðila að undirbúa sig og framkvæma mælingar ásamt tilheyrandi gagnavinnslu og skýrslugerð í kjölfarið.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra